

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

LOCTITE

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999

242

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörðun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarþúnaður
9. Efnæiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
14. Flutningur
15. Lög og reglur
16. Annað

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **242 Gengjulím miðlungs styrkur**
Vörunúmer: **0128242**
Notkun: **Gengjulím**
Dreifing: **Bilanaust hf. Reykjavík**
Framleiðandi: **Loctite Sweden AB. Gautab. Svíþjóð.**
Neyðarsími framleiðanda:
00 353 1 4599301/ 00 353 87 2629625/ 00 353 1 4046444
Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112
Upplýsingamiðstöð v/eitrunar, Landsspítala í Fossvogi,
Rvk. Sími **543 2222**

2. Samsetning efnis - upplýsingar um hættulegt innihald. (samkv. 67/548/EEC)

CAS-nr.	EB-nr.	Efnahæiti.	Styrkur.	Hættufl.	Hættusetningar (R)
613-48-9	210-345-0	Díetýltólúidín	0,10-0,80	T	23/24/25-33-
80-15-9	201-254-7	Kúmenvetnisperoxýð	1,00-3,00	O, T, N,	7-21/22-23-34-48/20/22 51/53

3. Varúðarupplýsingar.

Ertir augu, öndunarfæri og húð.
Skaðlegt (eitrað) örverum í vatni, getur valdið langvarandi skaða á lífkerfi vatnakerfa.
Ítrekuð eða langvarandi snerting við hörund getur valdið ofnæmi, sérstaklega sé hörund viðkvæmt.

4. Skyndihjálp.

Við innöndun: Lítil uppgufun. Við vanlíðan skal leita í ferskt loft.
Snerting við húð: Þvoið strax með sápuvatni. Hverfi erting ekki skal leita læknis.
Snerting við augu: Skolið strax með miklu vatni í minnst 15 mín.

Við inntöku: Skolið munnhol með vatni. Drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppköst.

- 5. Eldsvoði:** Ekki eldfimt efni. Blossamark >100°C. Vottur af eitruðu gasi kann að myndast við bruna. Notið öndunargrímu.
Slökkviefni: Notið duft, froðu eða kolsýru til að slökkva eld.

6. Efnaleki.

Loftræstið rýmið. Minna magn er hreinsað upp með pappírspurrku sem sett er í ílát fyrir spilliefna-affall. Mikið magn skal blandað með sandi, mold eða öðru svipuðu efni sem bindur og sett í lokuð ílát til flutnings og förgunar hjá spilliefnamóttöku. Hreinsið með sápuvatni eða hreingerningarefni.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Notið efnið þar sem er góð loftræsting.
Engar sérstakar reglur um meðhöndlun.
Forðist ítrekaða eða langvarandi snertingu við hörund til að forðast ofnæmishættu.

Geymsla: Geymið í upprunalegum umbúðum við 8 - 21°C. Setjið ekki umframefni aftur í upprunalegar umbúðir þar sem það getur rýrt styrk efnisins.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Ráðstafanir: Fara skal að gildandi reglum um meðhöndlun kemískra efna á vinnustöðum og sérstökum reglum viðkomandi vinnustaðar, sé þeim til að dreifa.

Við endurtekna eða langvarandi notkun skal forðast snertingu við hörund með notkun hlífðarhanska úr pólývínýlklóríð, náttúrulegu gúmi eða öðru ester-þolnu efni.

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form/útlit/lykt: Blár, ógegnsær vökvi, dæmigerð dauf lykt.
Sýrustig: 3-6
Suðumörk: ekki mælt
Blossamark: >100°C
Rúmpyngd: 1,08 kg/m³
Uppleysanleiki í vatni: Ekki uppleysanlegt
Uppleysanleiki í acetón: Uppleysanlegt
Gufuþrýstingur: < 0,1 mmHg
Sprengimörk: Ekki mæld

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Stöðugleiki: Hverfist ekki með vatni. Hverfist ekki með oxandi efnum utan peroxum. Fjölliðun getur orðið eftir ákveðin tíma í loftleysi eða nærri málmí. Efnið er stöðugt við eðlilegar aðstæður.

11. Eiturfræðileg atriði.

Við innöndun: Ertir öndunarfæri.
Snerting við húð: Bráðamörk fyrir hörund LD50 (kanína) teljast vera >2000 mg/kg. Yfirleitt ekki ofnæmisvaldandi nema snerting við hörund sé ítrekuð og langvarandi.
Snerting við augu: Ertir augu.
Við inntöku: Telst hafa litla eitrandi verkun. Bráðamörk við inntöku (rotta) > 5000 mg/kg.

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.

Ath. Efnið skal geyma fjarri vatni og frárennsli. Skaðlegt örverum í vatni, getur valdið langvarandi skaða í lífríki vatnakerfa. Harðnað Loctite-efni er dæmigerð fjölliða og er því, eitt sér, ekki skaðlegt umhverfi. Eftir að efnið hefur harðnað eru áhrif þess á umhverfi óveruleg í samanburði við áhrif þeirra hluta sem það er notað með. Varkárni skal sýna þannig að hlutir, sem efnið hefur verið notað á, mengi ekki umhverfi.

- 13. Förgun.** Fara skal með affall efnisins og tæmdar umbúðir í samræmi við gildandi lög um meðferð og förgun kemískra efna (spilliefna).
Meira magni ónotaðs efnis má jafnvel farga sem efnaaffalli eftir fjölliðun með til þess gerðum hvata Loctite Activator 7638 eða 7641.
Efninu skal brennt eða fargað í samræmi við gildandi lög og reglur og í samráði við móttöku spilliefna í viðkomandi sveitarfélagi.

14. Flutningur.

UN Nr. Ekkert.
 Á sjó (IMO 9): Á ekki við.
 Í lofti (IATA): Á ekki við.
 Veg/járnbr. (ADR/RD) Á ekki við.

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Ertandi

Xi



Inniheldur:

Hættusetningar H36/37 Ertir augun og öndunarfæri.
 H52/53 Skaðlegt (eitrað) örverum í vatni, getur valdið langvarandi skaða á lífríki vatnakerfa.

Varnaðarsetningar: V25 Forðist snertingu við augu. V26 Snerting við augu; skolið strax með miklu vatni og leitið lækni. V51 Tryggið góða loftræstingu. V61 Varnið því að efnið geti mengað umhverfi.
 Lesið öryggisleiðbeiningar, vörulýsingu og notkunarleiðbeiningar.

Önnur atriði: Eiga ekki við.

16. Aðrar upplýsingar.

Dags. útgáfu (Varuinformationsblad) **15.3.2002**

Höfundur Öryggisleiðbeininga (MSDS):

Dr. Prabhu Kulkarni FICI, FIOSH, MBIRA,
 Senior HRA Specialist
 Health & Regulatory Affairs - Europe

Áðurútgefin Vörulýsing (varuinformationsblad) nr. 0128242 IE V.7 dags. 26/4/00.

Áðurútgefin Vörulýsing (varuinformationsblad) nr. 0128242, dags. 16/11/00

Vörulýsingarformið er í samræmi við ES-leiðbeiningar 2001/59/EC og vörulýsingin gerð í samræmi við 28. ES-leiðbeiningar 67/548/EEC. Flokkun og merking er samkvæmt KIFS 1999:3 og Stjórnarnefndar-leiðbeiningum 1999/45/EC.

Frekari upplýsingar:

Loctite Corporation
International Health and Regulatory Affairs,
Tallaght Business Park,
Whitestown,
Dublin 24,
Ireland.
Sími: 00 353 1 4046444.
Fax: 00 353 1 4510806.

Upplýsingarnar sem fram koma í þessum Öryggisleiðbeiningum (MSDS) eru fengnar frá áreiðanlegum aðilum og eru, að svo miklu leyti sem við getum dæmt um, réttar á þeim tíma sem þeirra var aflað.

Reglur sænska Vinnueftirlitsins um meðferð og notkun harðplast-efna, AFS 1996:4 gilda um þetta efni.

Hvorki Loctite né dótturfélög þess ábyrgjast þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgjast notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu sem kann að stafa af rangri notkun þess.

Frumheimild: Loctite Varuinformationsblad 242 Skruvlásning normal 0128242

Þýðing úr sænsku og uppsetning: Leó M. Jónsson tæknifræðingur. 2. Útg. Júní 2003.